

Sveitarstjórn Langanesbyggðar
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Þórshöfn 8. janúar 2026

Efni: Húsnæði og aðstaða Björgunarsveitarinnar Hafliða

Með erindi þessu er formlega óskað eftir viðræðum við sveitarstjórn Langanesbyggðar um húsnæðismál og aðstöðu fyrir Björgunarsveitina Hafliða. Eins og sveitarstjórn er kunnugt hafa núverandi framkvæmdir á svæðinu og þær breytingar sem þær hafa í för með sér þau áhrif að aðstaða sveitarinnar verður ekki viðunandi. Mun Hauksbúð, sem hýsir björgunarbát sveitarinnar, verða ónothæf vegna þeirra, hvoru tveggja vegna þess að ekki verður rými til að keyra björgunarbátinn út og vegna þess að upptökubrautin sem var þar fyrir neðan hefur verið fjarlægð vegna nýs skipulags.

Ekki þarf að tíunda hversu mikilvæg starfsemi Björgunarsveitarinnar Hafliða er fyrir sveitarfélagið. En afar brýnt er að sveitin fái fullnægjandi aðstöðu og húsnæði til að hún geti áfram sinnt hlutverki sínu. Mjög mikilvægt er að aðstaða björgunarsveitarinnar sé á einum stað en eins og gefur að skilja hefur það afgerandi áhrif á viðbragð björgunarsveitarinnar, skipulag björgunarstarfa og ekki síst viðbragðstíma sem eðli málsins samkvæmt getur ráðið úrslitum um hvort björgun takist eður ei.

Björgunarsveitin Hafliði bendir jafnframt á að á gildandi deiliskipulagi *Miðsvæðis á Þórshöfn*, sem gildir um lóðir björgunarsveitarinnar á Fjarðarvegi 4 og 6, er engin heimild til veglagningar Bryggjuveggar frá Fjarðarvegi að hafnarsvæðinu. Er því um ólögmetisframkvæmd að ræða verði vegur lagður þar. En upplýst skal að umferð vegna framkvæmdanna og starfsemi á hafnarsvæði hefur nú þegar verið beint þar um og slóði myndast að hluta.

Með ofangreint í huga er óskað eftir fundi með sveitarstjóra og sveitarstjórn til að ræða og finna lausn sem feli í sér að tryggja Björgunarsveitinni Hafliða húsnæði og aðstöðu til framtíðar.


Virðingarfyllst,

Þorbergur Þegir Sísurðarson

f.h. stjórnar Björgunarsveitarinnar Hafliða

Hafnarsvæði á Þórshöfn

Deildisuppl. 2024.





DEILSKIPULAG
LANGANESBYGGÐ

ADALSKIPULAG ÞORSHAFNARHREPPS
2003-2023
Mkv. 1:10000



SKÝRINGAR:



Deiliskipulag þetta sem tengið hefur meðferð samkvæmt 25. gr. skululegs- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í skvellarstjórn Langanesbyggðar

bann 18.09.2007

2011 2007

SVT stats (07)

Svöðarskipti Langanesbyggðar

Mkv: 1:1000, 1:10000

HJ
 15-2007
 15-2007

12.09.2007

2 m hældningur. Stærð uppdráttur.


Uppdrætti þessum fylgt greinargerð dags. 12.09.07

UCLA

Skipagala 12 Akureyri, 461-2800

Box 462-7789 Fax 462-7789 Info@teikn.is www.teikn.is

Lónafjörður



Þistillfjörður

DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐI ÞÓRSHAFNAR



Mkv. 1:1000